

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 5. júlí 2022 í máli nr. 138/2021

Kærunefndina skipa í þessu máli Hildur Ýr Viðarsdóttir lögmaður, Ívar Halldórsson lögfræðingur og Jón Rúnar Pálsson lögmaður.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 6. desember 2021 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings um þjónustu Y, hér eftir varnaraðili, í tengslum við kaup sóknaraðila á teikningum fyrir innréttingar.

Sóknaraðili krefst þess að fá 50% afslátt af teiknivinnu varnaraðila. Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

II

Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með tölvubræfi, dags. 1. október 2021, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar innan tveggja vikna í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust til nefndarinnar þann 13. desember 2021. Sóknaraðili gerði athugasemdir við andsvör varnaraðila þann 19. desember 2021. Varnaraðili gerði athugasemdir við athugasemdir sóknaraðila þann 19. desember 2021. Sóknaraðili kom á framfæri viðbótarathugasemdum 19. og 20. desember 2021. Varnaraðili kom loks á framfæri viðbótarathugasemdum þann 21. desember 2021.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar og andsvara, samskipti, bréf Neytendasamtakanna f.h. sóknaraðila til varnaraðila, tvær útgáfur teikninga varnaraðila fyrir innréttingar í [...] og [...] og reikningur fyrir [...].

Með bréfi, dags. 7. janúar 2022, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Í kvörtun kemur fram að sóknaraðili hafi fengið verð frá varnaraðila í innréttingar teiknaðar af öðrum teiknara, [...], til að geta gert sér grein fyrir verðflokki eða hvers mætti ca. vænta í verði á innréttingum frá varnaraðila. Tekið hafi verið fram við ósk um tilboð (fyrra tilboð) að ekki væri ætlunin að láta teikningarnar vera alveg eins en þó nokkurn vegin svipaðar en ef teiknari varnaraðila hefði aðrar tillögur sem sóknaraðila líkaði við væri sóknaraðili opin fyrir því ef hún fengi verðhugmynd frá þeim. Ekki hafi verið hægt að fá verðhugmynd þar nema með því að láta teikna fyrir sig hjá þeim. Um sé að ræða tvö hús og verð fyrir teikningar 198.000 kr. á hús sem sóknaraðili teldi of mikið að greiða ef tilboðsverð varnaraðila væri ekki í samræmi við þeirra getu.

Sóknaraðili kveður kröfu varnaraðila vera fullt verð, þ.e. 198.000 kr. Reikningur hafi verið sendur í bankann á föstudegi og gjaldfelldur á mánudeginum eftir. Síðan hafi sóknaraðili fengið bréf þar sem fram hafi komið að eftirstöðvar greiðslunnar færu í löginnheimtu, þ.e. 198.000 kr., ef ekki yrði greitt fyrir 10. desember 2021. Fyrirsvarsmaður varnaraðila komi bara fram gagnvart sóknaraðila

til að senda reikning en ekkert annað. Sóknaraðili hafi árangurslaust reynt að ná sáttum en það segi varnaraðili útilokað. Krafa sóknaraðila er ekki sett fram með skýrum hætti í málinu. Miðað við gögn málsins verður að skilja kröfu sóknaraðila svo að henni beri ekki að greiða fullt verð fyrir teikningar varnaraðila. Áður hafði hún haldið eftir 50% af verðinu en síðan greitt eftir áskorun varnaraðila. Því er gengið út frá að sóknaraðili telji það ásættanlegt verð fyrir teikningarnar og að krafa hennar í þessu máli sé í samræmi við það.

3.1. Sjónarmið sóknaraðila

Sóknaraðili kveðst hafa verið sátt við verðtilboðið/hugmynd um verð frá varnaraðila með það í huga að ef til einhverja breytinga kæmi frá teikningunum yrði hægt að vænta hækkunar frá fyrri verðhugmynd um 200.000-400.000 kr. Breytingar sem gerðar hafi verið frá fyrri tilboði hafi falist í að sleppa efri skápum og setja tvær hillur í staðinn ásamt öðrum atriðum sem sóknaraðili meti smávægileg. Skúffufjöldi sem varnaraðili hafi nefnt kannist sóknaraðili ekki við að eigi við um þeirra eldhúsinnréttingu heldur eigi þær við um fataskápa sem ágreiningur þessi snúi ekki að. Sóknaraðili segir varnaraðila aldrei hafa átt samtalið við sig í persónu heldur einungis í gegnum tölvupósta. Varnaraðili hafi aldrei verið tilbúinn að hlusta né ræða hennar upplifun og það sem hafi farið fram milli sóknaraðila og þeirra teiknara sem hún hafi hitt. Þar hafi verið gefið villandi eða rangt verð í upphafi viðskipta. Öll samskipti hafi farið fram við teiknara og það í nokkra mánuði áður en sóknaraðili hafi slegið til að fá verðhugmynd. Fyrirsvarsmaður varnaraðili hafi aldrei boðið sóknaraðila á starfstöð sína til að hitta hann og teiknarann til að fara betur yfir málið og komast að samkomulagi og ásættanlegri niðurstöðu. Teiknarinn svari sóknaraðila ekki tölvupóstum þar sem hún biðji hann að útskýra og leiðrétta hafi hún skilið rangt það sem hafi farið þeirra á milli.

Sóknaraðili vísar til þess að hún telji brostnar forsendur fyrir skilmálum sem varnaraðili hafi sett um að greiða ætti 100% verðs ef ekki væru pantaðar innréttingar eftir teiknivinnu varnaraðila og aðeins 50% ef pantaðar væru innréttingar í framhaldi af teiknivinnu. Sóknaraðili telur sig ranglega upplýsta og að byggt hafi verið á villandi upplýsingum til að leggja út í frekari viðskipti. Innréttingarnar frá varnaraðila séu í allt öðrum verðflokki en fyrri tilboð um verðhugmynd sem hafi verið forsenda frekari samskipta.

Málið snúist um að varnaraðili hafi gefið þeim verðhugmynd sem síðan hafi ekki verið nein stoð í þar sem raunin hafi orðið allt önnur, þ.e. farið úr 1.800.000 kr. í 3.000.000 kr. Gengið hafi verið út frá 200.000-400.000 kr. fráviki fyrir hvort hús ef farið yrði í breytingar en ekki 1.200.000 kr. eins og seinna tilboð hljómi upp á. Sóknaraðili telur varnaraðila rugla aukningu á skúffufjölda sem ekki séu í eldhúsi heldur fataskápum. Þá taki hann efri skápa að hluta til út og og breyti öðru í staðinn og taki ekki tillit til annarra breytinga sem leiði til þess að verkið yrði ódýrara.

3.2. Sjónarmið varnaraðila

Varnaraðili tiltekur að hjá honum séu allar gerðir innréttinga og hurða sérsmíðaðar eftir óskum kaupanda og að hann sérhæfi sig í að smíða innréttingar sem ekki séu samsettar úr stöðluðum einingum eins og t.d. HTH sé. Kaupandi hjá varnaraðila geti því alfarið ráðið stærðum, eignum og búnaði. Ekkert verkefni hjá varnaraðila sé nákvæmlega eins og því þurfti að reikna hvert einasta tilboð sérstaklega. Hjá varnaraðila starfi menntaðir innanhúsarkitektar sem geti hannað,

teiknað og skipulagt innréttingar og búnaða fyrir viðskiptavinum. Varnaraðili sé ekki teiknistofa og teikni ekki fyrir fólk nema það vilji fá tilboð í innréttingar hjá varnaraðila. Í þeim tilfellum sem varnaraðili hanni, teikni og fundi með viðskiptavinum þá kosti það eins og í þessu tilfalli 198.000 kr. fyrir heilt hús. Viðskiptavinur fái fullkomnar teikningar í hendur að þeirri vinnu lokinni. Ef viðskiptavinur taki í framhaldinu tilboði varnaraðila í innréttingarnar þá fái hann 50% afslátt af vinnu arkitekts. Um sé að ræða mjög gott verð fyrir teikningar sem þessar. Eigendur húsanna hafi verið upplýstir um þetta verð með tölvupósti þann 28. júlí 2021.

Varnaraðili hafi gert tilboð þann 4. september 2021 í eitt eldhús teiknað af HTH á grundvelli staðlaðra eininga. Tilboðið hafi gilt til 14. september 2021 og hafi eingöngu falist í því að smíða innréttingu í eitt eldhús á grundvelli teikninga sem viðskiptavinur hafi komið með. Tilboð hafi runnið út í samræmi við skilmála þess.

Í framhaldinu hafi sóknaraðili óskað eftir því að fá aðra útfærslu frá varnaraðila sem [...] var ekki fært um að veita. Þá hafi einnig verið óskað eftir fullkomnum heildarteikningum af tveim húsum. Skilmálar fyrir þá vinnu hafi verið að vinna fyrir hvort hús kosti 198.000 kr. með virðisaukaskatti. Þá yrði 50% afsláttur veittur ef tilboði varnaraðila yrði tekið í framhaldinu.

Varnaraðili vísar til þess að allar breytingar á eldhúsi hafi verið gerðar að óskum eigenda. Varnaraðili tiltekur eftirfarandi breytingar: „einingar lengri um 28 cm, tækjaskápur allur klæddur úr við með LED lýsingu og fellihurð að vegg, innrétting nær alla leið upp í loft, hillur fyrir bretti fyrir ofan ofna, 3x hliðarklæðningar með panelum en ekki venjulegri klæðningu, klæðning á bakvið stóla, skápar í eyju með hillum, 12 skúffur í staðin fyrir 3, 2 spónlagðar hillur með LEF lýsingu.“ Varnaraðili telur engan geta haldið því fram að um sé að ræða smávægileg frávik. Mikið sé um skúffur í stað skápa og í raun hvergi til sparað. Varnaraðili hafi boðið mestu gæði á hagstæðu verði.

Hvorugu tilboði varnaraðila í húsin hafi verið tekið. Því hafi sóknaraðila og eiganda hins hússins borið að greiða fyrir teikningarnar fullt verð. Varnaraðili geti ekki sætt sig við að fá ekki greitt fullt verð enda sé sóknaraðili með í höndunum fullkomnar teikningar sem hafi verið unnar af menntuðum innanhúsarkitekt á fullkomið tölvuforrit. Teikningarnar hafi verið uppfærðar eftir fundi að óskum sóknaraðila og síðan afhentar að nýju. Sóknaraðila beri að greiða uppsett verð fyrir teikningarnar.

3.3. Athugasemdir sóknaraðila

Sóknaraðili ítrekar að verð á teikningu sé ekki í samræmi við uppgengið verð í byrjun verks, þ.e. viðmunaðarverð sambærilegrar innréttingu. Engin sundurliðun liggja fyrir á sölu eininga í tilboðum varnaraðila eða hvernig verð sé fundið út hjá varnaraðila, sem gæti gefið skýringu á verðútreikningi. Aðeins komi fram heildarverð og ekki sé farið yfir einstaka liði eininganna sem gætu útskýrt verðmun. Varnaraðili hafi ekki boðist til að fara yfir þetta með sóknaraðila.

Sóknaraðili kveðst enn fremur nú vera búin að gera upp alla kröfuna en samt sem áður sé krafan komin í löginnheimtu. Þar að auki sé ekki búin að fullgera teikningar fyrir húsin eða þær breytingar/leiðréttingar sem beðið hafi verið um að yrðu gerðar. Því til staðfestingar liggja tölvupóstur sem sendur hafi verið til teiknara og óskað eftir að teikningarnar yrðu kláraðar fyrir þann sem reikningur hafi verið

sendur sóknaraðila. Fyrirsvarsmaður varnaraðila telji teikningarnar þá vera fullkomnar teikningar í samræmi við óskir sóknaraðila.

3.4. Athugasemdir varnaraðila

Varnaraðili telur sóknaraðila blanda öllu saman og setja fram fullyrðingar sem ekki standist. Varnaraðili ítreki því staðreyndir málsins. Eigendur húsanna hafi þekkt nákvæmlega skilmála varnaraðila fyrir teiknivinnu áður en vinnan hafi hafist, sbr. tölvupóst til þeirra þann 28. júlí 2021. Sóknaraðili hafi ekki reynt að taka tilboðum sem varnaraðili hafi gert í innréttingarnar. Seinni tvö tilboðin hafi verið eftir nákvæmum arkitektateikningum hafi verið uppfærðar eftir fundi með sóknaraðila. Á fundunum hafi verið farið nákvæmlega yfir hvað viðkomandi vildi hafa í innréttingunum, dýrari lausnir hafi verið valdar frekar en ódýrari. Útkoman hafi verið tilboð af hálfu varnaraðila í innréttingarnar og tiltekur varnaraðili að þau verð séu heldur lægri en boðið sé í sambærileg verkefni. Öll tilboðin hafi runnið út á tíma og engu hafi verið tekið. Þá hafi staðið eftir að greiða fyrir teikniþjónustu. Skilmálar þessir hafi legið ljósir fyrir frá byrjun, sbr. fyrrgreindur tölvupóstur frá 28. júlí 2021, áður en vinna hafi hafist.

Varnaraðili vísar til þess að fast verð hafi verið gefið í teiknivinnuna og sendar tvær útgáfur af teikningum. Síðari eftir fund með sóknaraðila. Það gefi augaleið að ef óskað yrði eftir frekari breytingum á teikningunum eftir síðari sendingu/útgáfu eins og varnaraðila sýnist sóknaraðili vera að vísa til þá yrði það gert í tímavinnu. Sóknaraðili hafi verið með í höndunum fullkomnar teikningar bæði fyrir og eftir fund. Sé enn óskað eftir breytingum á teikningum eftir það þá rukkist það á tímargjaldi, og miðað við reynsluna - fyrirfram. Sóknaraðili hafi verið komin með fullkomnar teikningar í hendurnar og hafi því átt að greiða fyrir þær. Teikningar af sambærilegum gæðum og með sambærilegri vinnu annars staðar kosti þrefalt meira en varnaraðili hafi rukkað.

Varnaraðili bendir á að fyrra tilboð varnaraðila í innréttingarnar eftir teikningum varnaraðila hafi runnið út 1. nóvember 2021 og hið síðara 17. nóvember 2021. Þá hafi legið ljóst fyrir að ekkert yrði úr viðskiptum með innréttingar og að rukka þyrfti fyrir teikningarnar samkvæmt skilmálum þar um. Þess vegna hafi reikningur verið sendur fyrir teikningum og greiðsluseðill 19. nóvember 2021. Greiðsla að fjárhæð 198.000 kr. hafi borist með millifærslu inn á reikning varnaraðila 23. nóvember 2021. Sóknaraðili hafi neitað að greiða greiðsluseðilinn og því verið gefinn kostur á að millifæra beint inn á reikning varnaraðila. Skilaboðin sem hafi fylgt greiðslunni hafi verið þau að það stæði ekki til að greiða fyrir hitt húsið/seinni greiðsluna. Varnaraðili hafi svarað að ekki stæði til að gefa eftir greiðslu fyrir hitt húsið enda ástæðulaust með öllu.

Í kjölfarið hafi þann 30. nóvember 2021 borist erindi frá Neytendasamtökunum. Eftir svör varnaraðila við því hafi loks borist greiðsla vegna hins hússins. Þá hafi sú krafa verið komin í innheimtu enda hafi verið búið að gefa út að hún yrði ekki greidd og því ástæðulaust að bíða með innheimtu hennar. Mögulega standi einhver innheimtukostnaður eftir ógreiddur.

Varnaraðili telur niðurstöðuna einfalda. Sóknaraðili hafi fengið í hendur þá vöru sem hún hafi keypt og nú greitt fyrir. Tilboðin í innréttingarnar hafi öll runnið út vegna þess að sóknaraðili hafi ekki haft áhuga á þeim viðskiptum. Samt hafi legið til grundvallar fyrir tilboðunum nákvæm teiknivinna ásamt vali á efnum og útfærslum eftir fundi með viðkomandi. Svo nákvæm teiknivinna hafi legið fyrir að

sóknaraðili hafi getað fengið tilboð í allar þessar innréttingar (í tvö heil hús með öllu) frá öðrum framleiðanda sem hún síðan hafi tekið. Sóknaraðili hafi því fengið fullkomnar teikningar á verði sem sé sennilega 1/3 af því sem hún hefði þurft að greiða öðrum innanhúsarkitekt á stofu með sömu reynslu og tækjabúnað og varnaraðili.

3.5. Viðbótarathugasemdir sóknaraðila

Sóknaraðili bendir á að ágreiningur hafi aldrei verið um verð á teiknivinnu hjá varnaraðila 198.000 kr. á hús né gæði innréttinga og hönnunarvinnu frá varnaraðila. Sóknaraðili sé mjög ánægður með vinnu teiknara. Ágreiningur snúi að framkomu og háttarlagi forsvarsmanna varnaraðila og algjört viljaleysi til sátta og fullnægjandi útskýringa af hverju svo mikill verðmunur hafi verið á lokatilboð frá viðmunartilboði eða hátt í 1.200.000 kr. Gengið hafi verið út frá 200.000 til 400.000 kr. hækkun ef breytt yrði frá viðmunar tilboði til dýrari úrlausnar. Öll samskipti hafi farið fram á milli teiknara og sóknaraðila en ekki fyrirsvarmanns varnaraðila. Fyrirsvarsmadurinn hafi ekki boðið upp á að setja teiknara inn í málið né að hafa hann inn í samræðum um hvað hafi farið á milli hans og sóknaraðila. Mikil áhersla hafi verið lögð á það af hálfu sóknaraðila að fá rétta hugmynd um verðflokk innréttinga frá varnaraðila til að áhugi væri fyrir viðskiptasambandi.

Sóknaraðili telur því verðhugmynd fyrirsvarmanns varnaraðila til sóknaraðila skv. viðmunartilboði villandi og fela í sér ranga upplýsingagjöf um verðlag innréttinga frá varnaraðila. Ef verð á innréttingum hefði verið skýrara hefði sóknaraðili aldrei farið í frekari viðskipti og teiknivinnu. Viðmunartilboðið hafi verið hvati til frekari viðskipta. Sóknaraðili kveður málið fjalla um grófa og óréttmæta, villandi verðhugmynd fyrir innréttingar frá varnaraðila sem hafi gefið forsendur til frekara viðskiptasambands. Sóknaraðili telur að forsendur hafi brostið fyrir því verði á teiknivinnu sem varnaraðili telji eiga við.

Sóknaraðili vísar til ummæla varnaraðila um að það gefi auga leið að ef óskað sé eftir frekari breytingum á teikningum eftir síðari sendingu/útgáfu að þá sé það gert í tímavinnu. Þetta kveðst sóknaraðili vera að heyra fyrst nú. Upplýsingar frá teiknara sem hún hafi fenið í upphafi hafi verið að takmörkun væri á tímavinnu sem miðað væri við að lægi á baki verði á teiknivinnu eða að það væri ákveðin tímavinna sem verðið næði yfir.

Þá gerir sóknaraðili athugasemd við tilvísun varnaraðila til fjögurra tilboða. Varnaraðili hafi sent eitt tilboð í eldhúsinnréttingu sem ekki hafi verið teiknuð af þeirra teiknara. Því yrði ekki rukkað fyrir að gefa slíkt tilboð/verð eða viðmunarverð sem hafi átt að vera til þess að sóknaraðili gæti áttað sig á verðflokki þeirra innréttinga. Síðan hafi verið tilboð sem gert hafi verið þeirra teiknivinnu og þar hafi verð fyrir teiknivinnu verið 198.000 kr. á hús, teiknivinna sem farið hafi verið í vegna fyrrnefndrar verðhugmyndar.

Sóknaraðili bendur á að varnaraðili hafi sent kröfu á hana í löginnheimtu. Varnaraðili hafi sent henni kröfu vegna teiknivinnu fyrir bæði húsin þann 19. nóvember 2021 með gjalddaga 25. nóvember 2021. Þá hafi enn verið í gangi viðræður um að ekki hafi verið gerð fullnægjandi breyting á teikningum sem beðið hafi verið um og vonbrigði um verð innréttinga. Sóknaraðili hafi greitt sína kröfu að fullu, 198.000 kr. fyrir gjalddaga þann 24. nóv. 2021 þrátt fyrir óánægju. Sóknaraðili sé ekki með teikningar fyrir [...] og hafi því ekki borið að greiða fyrir bæði húsin. Varnaraðili hafi ekki breytt kröfunni, sent á nýjan greiðanda eða haft samband við greiðanda

að [...] heldur stofnað nýja kröfu í hennar banka fyrir [...]. Sóknaraðili hafi síðan fengið áminningabréf um að krafan væri enn ógreidd og fari í löginnheimtu ef ekki yrði greitt innan tíu daga frá dagsetningu bréfsins. Sóknaraðili hafi haft samband við greiðanda teikninga af [...] sem hafi í kjölfarið greitt beint inn á reikning varnaraðila innan þessara tíu daga. Varnaraðili hafi ekki leiðrétt né tekið út kröfuna úr heimabanka hennar og hún fengið erindi um löginnheimtu vegna kröfu í vanskilum og að kominn væri innheimtukostnaður ofan á kröfuna og vextir. Sóknaraðili hafi mótmælt sem hafi leitt til að innheimtukrafan hafi lækkað um 198.000 kr. en eftirstöðvar séu enn þá í löginnheimtu, 8.000 kr. krafa sem samanstandi af vöxtum og innheimtukostnaði.

3.6. Viðbótathugasemdir varnaraðila

Varnaraðili bendir á að sá aðili sem sóknaraðili vísi til sem teiknara sé innanhúsarkitekt með menntun frá erlendum skólum og með margra ára starfsreynslu í faginu. Þá sé varnaraðili margoft búinn að fara yfir í hverju verðmunurinn liggi, bæði skriflega og munnlega. Eigendur fasteignanna beggja hafi setið fundi hjá varnaraðila þar sem farið hafi verið yfir allar forsendur teikninga sem síðar hafi orðið grundvöllur tilboðs. Varnaraðili bendir á að hann geti framleitt innréttingar í mörgum verðflokkum, en óskir eigenda fasteignanna hafi verið lagðar til grundvallar við alla hönnun og útreikninga. Það geti verið að tilboðið hafi síðan verið út fyrir þeirra fjárhagsramma en um það hafi varnaraðili ekki haft vitneskju fyrirfram enda allt gert eftir þeirra óskum og engu hafi verið til sparað þar.

Varnaraðili vísar til þess að sóknaraðili tali nú um viðmiðunartilboð og rauntíloboð. Fyrsta tilboðið hafi verið gert á grundvelli staðlaðrar teikningar frá [...] og hafi verið rauntíloboð í það eina eldhús. Ef sóknaraðila hafi þótt fyrsta tilboðið svona gott þá hefði verið rétt að taka því. Því hafi hins vegar ekki verið tekið þar sem sóknaraðili vildi breyta hönnuninni úr stöðluðum einingum í sérsníði. Fyrsta tilboðið hafi verið gefið og það svo runnið út. Varnaraðili ítrekar að það hafi legið fyrir að teikningar fyrir heilt hús kostuðu 198.000 kr. og að gefinn yrði 50% afsláttur af þeim ef tilboði varnaraðila í innréttingar yrði tekið.

Varnaraðili telur tillögur sóknaraðila um sátt ekki standast enda snúist hún um að sóknaraðili endi með fullkomna vöru í höndum, sem hún hafi lýst yfir að hún sé ánægð með, án þess að hún greiði umsamið verð.

Varnaraðili tiltekur að þegar fyrir hafi legið að tilboðum yrði ekki tekið þá þyrfti að rukka fyrir teikningarnar. Varnaraðila hafi verið sagt að sóknaraðili myndi greiða fyrir bæði húsin. Þrátt fyrir það hafi verið sendur tölvupóstur á eiganda hins hússins, dags. 18. nóvember 2021 og óskað eftir kennitölu til að gefa út reikning. Engin svör hafi borist. Þá hafi verið sendur reikningur og einnig póstur á sóknaraðila þann 19. nóvember 2021 þar sem fram hafi komið að báðir reikningar hefðu farið á sóknaraðila. Sóknaraðili hafi svarað „mótttekið“ með tölvupósti, dags. 20. nóvember 2021. Ekki hafi komið fram nein ósk um breytingu á reikningnum. Sjálfsagt sé að verða við slíkri beiðni. Þrátt fyrir að varnaraðili telji ekkert í málinu réttlæta að hann taki á sig innheimtukostnað þá ætli hann að skoða það mál þá þegar.

IV Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020.

Sóknaraðili keypti af varnaraðila teikningar að innréttingum fyrir hús í sinni eigu og snýr ágreiningur aðila að því hvaða verð sóknaraðila beri að greiða fyrir vinnu varnaraðila við teikningarnar. Samkvæmt 1. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup taka lögin til hvers kyns samninga um kaup á þjónustu sem veitt er neytendum í atvinnuskyni gegn endurgjaldi og þegar veitt þjónusta felur í sér:

1. vinnu við lausafjármuni,
2. vinnu við fasteignir, vinnu vegna byggingarframkvæmda eða aðrar framkvæmdir á landi,
3. geymslu á lausafjármunum,
4. ráðgjafarþjónustu sem veitt er í tengslum við 2. tölul.

Lögin gilda um hvers kyns samninga um kaup á þjónustu sem seljandi innir af hendi og er liður í atvinnustarfsemi hans. Var því um þjónustu að ræða sem fellur undir gildissvið laga nr. 42/2000 um þjónustukaup, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. laganna. Samkvæmt 3. gr. þkpl. er óheimilt að víkja frá ákvæðum laganna með samningi sem er neytanda í óhag.

Í málinu er ekki ágreiningur um að skilmálar varnaraðila um verð vegna teikninga fyrir sóknaraðila hafi legið fyrir við vinnuna. Skilmálarnir fólust í því að verð fyrir innréttingateikningar í heilt hús kosti 198.000 kr. Í framhaldi af þeirri vinnu geri varnaraðili tilboð í innréttingarnar. Ef tilboðinu er tekið fær kaupandi 50% afslátt af vinnu arkitekts við teikninguna.

Málatilbúnaður sóknaraðila byggist á því að hún hafi áður fengið tilboð frá varnaraðila í eldhúsinnréttingar sem hafi gefið henni hugmynd um verð varnaraðila fyrir innréttingar. Það verð sem varnaraðili hafi síðan boðið í eldhúsinnréttingar á grundvelli teikninga varnaraðila fyrir allt húsið hafi verið miklu hærra en sóknaraðili hafi getað séð fyrir út frá fyrra tilboðinu. Varnaraðili hefur hins vegar bent á að það tilboð hafi verið á grundvelli teikninga frá þriðja aðila og að um hafi verið að ræða staðlaðar einingar í þeim teikningum. Eftir breytingar sóknaraðila í samstarfi við varnaraðila við teiknivinnu fyrir allt húsið hafi eldhúsið verið orðið mun dýrara enda sérsníðað og verið að mæta ýmsum óskum sóknaraðila sem gjarnan hafi valið dýrari kostina. Sóknaraðili tók ekki tilboðinu þar sem hún taldi það of dýrt og ekki í samræmi við sínar væntingar út frá fyrra tilboði.

Samkvæmt 33. gr. laga nr. 42/2000 er seljanda sem að beiðni neytanda hefur tekið að sér undirbúningsvinnu í þeim tilgangi að skilgreina hve vinna væri mikil eða verð þjónustu sem inna skuli af hendi heimil að krefjast greiðslu fyrir hana. Í þessu tilviki er ekki ágreiningur um að áskilnaður varnaraðila um verð vegna teiknivinnu lá fyrir áður en vinna hófst. Það að tilboð varnaraðila í innréttingar í framhaldi af teiknivinnu hafi ekki verið í samræmi við væntingar sóknaraðila getur ekki leitt til þess að sóknaraðili eigi rétt á helningsafslætti af uppsettu verði. Báðir aðilar taka áhættu af því að tilboð í framhaldi af teiknivinnu sé með þeim hætti að af frekari viðskiptum verði. Sóknaraðili eignaðist teikningarnar sem voru afrakstur vinnu varnaraðila. Þá má einnig benda á að það verð sem sóknaraðili greiddi fyrir hönnun og teikningu innréttinga fyrir heilt hús verður að teljast afar sanngjarnt í ljósi þeirrar vinnu sem að baki liggur. Varnaraðili skilaði tveim útgáfum af

teikningum til sóknaraðila, þær síðari eftir athugasemdir sóknaraðila um breytingar. Verður því að telja að sóknaraðila beri að greiða 198.000 kr. fyrir þær teikningar sem varnaraðili útbjó í samráði við sóknaraðila í samræmi við samning aðila þar um. Í ljósi alls framangreinds eru ekki efni til að fallast á kröfur sóknaraðila um afslátt.

V
Úrskurðarorð

Kröfum sóknaraðila, X, er hafnað.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson